

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kjartan Sveinsson, sæti fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, en fullnustu dóms þessa skal fresta og fellur refsingin niður að 5 árum liðnum frá þessum degi sé fullnægt skilyrði laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 1. gr. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til prófests Bjarna Pálssonar, 10 kr., og málfutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, yfirdómsmálfutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claesen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. ágúst 1917.

Nr. 68/1916.

Erasmus Gíslason  
 gegn  
 ráðherra Íslands  
 f. h. landssjóðs.

Dómur:

Laugardagskvöldið 18. des. 1915 var Erasmus Gíslason í Reykjavík tekinn fastur af lögreglunni þar, og daginn eftir, 19. des., leiddur fyrir dómara

til yfirheyrslu. Lauk henni svo, að dómarrinn úrskurðaði, að Erasmus skyldi settur í gæzluvarðhald, með því að grunur væri um, að hann hefði verið viðriðinn fölsun á nafni Jóns Erlindssonar undir skjól nokkur, sem getur um í prófsgjörðunum. Eftir að málið hafði verið rannsakað hér og í Árnassýslu, — en þangað var Erasmus sendur til samprófunar við vitni þar — var hann leystur úr varðhaldinu 6. jan. f. á., en jafnframt bannað að fara burtu úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur án leyfis dómarrans. Í bréfi til dómarrans dags. 13. s. m. úrskurðaði stjórnarráðið, »að frekari aðgerðir í máli þessu skyldu eigi fram fara«, og var Erasmusi tjáð sama dag, að burtfarar-bann það, er honum var birt, væri hafð.

Erasmus Gíslason hefir nú samkvæmt 3. gr. laga nr. 28, 26. okt. 1893 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., höfðað þetta mál fyrir landsyfirdóminum gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landsrjóðs, og er málið gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, svo sem fyrir er mælt í nefndum lögum; krefst stefnandi, að sér verði dæmdar 30000 kr. úr landssjóði í skaðabætur fyrir tjón það á heilsu, andlegri og líkamlegri, þjáningar, smán og angist, sem hann saklaus hafi orðið að líða fyrir ádurgreinda frelsissviftingu, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 15. nóv. f. á., til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknunar í málinu og málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Í síðasta sóknarskjali sínu, 2. f. m., hefir stefnandi krafist, að sér verði veittur frestur til vitna-



leiðslu til 3. septbr. þ. á., en þar sem yfirdómurinn með úrskurði uppkveðnum 11. júní þ. á. hefir synjað um þennan frest, getur eigi komið til mála, að úrskurða um hann að nýju og verður að leggja dóm á efni málsins.

Þó að svo segi í varðhaldsúrskurðinum, að stefnandi sé grunaður um að hafa verið viðriðinn fölsun á nafni Jóns Erlindssonar undir skjöl, er um ræðir í réttarprófunum, sýna þó prófsgjörðirnar, að um eitt skjal að eins er að tefla, vélritað veðskuldabréf, útgefið 19. marz 1914 af Sigurði Þórarinssyni bónda á Hellum í Gaulverjabæjarhreppi, fyrir 3200 kr. með veði í húsinu nr. 37 í Bergstaðastræti í Reykjavík og með áritaðri sjálfskuldarábyrgðarskuldbindingu Jóns Erlindssonar bónda í Seljatungu og Gunnars Sigurðssonar bónda í Götu, dags. s. d.; eru allar undirskriftirnar staðfestar í Gaulverjabæ og var stefnandi annar vitundarvottur að þeim. Skuldabréf þetta var lagt fram í gestarétti Reykjavíkur 22. jan. 1915 í máli milli Björns Gíslasonar á Stokkseyri, sem þá var orðinn eigandi skuldabréfsins, og fyrnefndra ábyrgðarmanna; var Jón Erlindsson þar sjálfur til andsvara og neitaði hann því, að hafa »skrifað nafn sitt á skuldabréfið eða leyft það«. 29. marz s. á. fór fram kyrsetningargjörð hjá honum í Seljatungu til tryggingar kröfunum samkvæmt skuldabréfinu, og hafa réttarvottarnir og enn einn maður borið það sem vitni, að Jón Erlindsson hafi þá kveðið upp úr með það fyrir réttinum, þótt þess sé eigi getið í réttarabókinni, að hann hefði eigi skrifað undir skuldabréfið, en að nafni hans væri stolið undir það. Viku

síðar andaðist Jón Erlindsson, áður en til þess kæmi, að hann synjaði með eiði fyrir undirskrift sína. Nokkrum öðrum hafði Jón Erlindsson sagt það, eftir að lögsókn var hafin gegn honum út af ábyrgðinni, að nafn hans væri ritað í heimildarleysi á skuldabréfið. Hins vegar eru vitnisburðir fram komnir um það, að Jón Erlindsson hafi sagt, að nafnskrift hans á skuldabréfinu væri lík sinni rithönd, og 2 skriftfróðir menn hafa eftir tilmælum bæjarfógetans í Reykjavík borið saman nafnskrift Jóns á skuldabréfinu við nafnskrift hans á 2 öðrum skjölum, og var annað þeirra fyrnefnd gestaréttargjörð 22. jan. 1915, þar sem enginn vafi þykir vera á rétttri undirskrift Jóns; hafa þeir komist að þeirri niðurstöðu, að nafnskriftir Jóns á þessum skjölum, sérstaklega á skuldabréfinu og réttargjörðinni, séu svo líkar, að þeim virðist undirskrift hans á skuldabréfinu alls ekki, eftir útlitinu að dæma, þurfa að vera fölsuð.

Um tilorðningu þessa skjals hefir stefnandi skýrt frá á þessa leið við réttarprófin: Í marz mánuði 1914 var hann viðstaddur í Gaulverjabæ, er Jón Magnússon seldi Sigurði Þórarinssyni húsið nr. 37 við Bergstaðastræti í Reykjavík; tók Sigurður að sér veðdeildarlán, er á húsinu hvíldi, en gaf út skuldabréf til Jóns fyrir 3200 kr. Þetta skuldabréf skrifaði stefnandi og rituðu fyrnefndir ábyrgðarmenn undir það sama dag í Gaulverjabæ. Sú var tilætlunin, að selja skuldabréfið Jóhanni Jóhannessyni kaupmanni í Reykjavík, meðal annars til greiðslu á skuldum Jóns Magnússonar við hann; tók Björn Gíslason frá Stokkseyri við bréfinu og fór með það til Reykjavíkur,



en Jóhann neitaði að taka bréfið, meðal annars af því, að það væri illa skrifað og að öðru leyti illa útlitandi. Lét Björn Gíslason þá taka vélritað afrit af bréfinu og fóru þeir síðan báðir, Björn og stefnandi, austur aftur að Gaulverjabæ og hafði stefnandi hið vélritaða bréf með sér, að því er hann minnir; fekk Jón Magnússon sömu menn til að rita undir það sem hið fyrra bréf; fór Jón með það að Seljatungu til að fá undirskrift Jóns Erlindssonar, en stefnandi vildi eigi rita á það sem vitundarvottur að undirskrift Jóns Erlindssonar af því að hann var eigi við, þegar hún fór fram; var Jón þá sóttur heim að Gaulverjabæ og kannaðist hann þar við undirskrift sína á hinu vélritaða bréfi. Fóru þeir Björn Gíslason og stefnandi síðan með bréfið til hreppstjórans í Gaulverjabæjarhreppi og fengu hann, sem þó ekki hafði verið viðstaddur undirskriftir ábyrgðarmannanna, til að votta, að þær væru réttar.

Í framburði stefnanda og Jóns Magnússonar eru nokkrar mótsagnir um það, hvort það hafi verið fyrra eða síðara bréfið, sem Jón Erlindsson skrifaði undir heima hjá sér, en að öðru leyti hefir eigi sannast, að skýrsla stefnanda sé röng í neinu verulegu atriði. Eftir skýrslu Jóns Magnússonar og Karls sonar hans, fóru þeir með ábyrgðarskjal að Seljatungu til að fá undirskrift Jóns Erlindssonar undir það; hittu þeir hann í fjóshlöðunni, og þar skrifaði hann að sögn þeirra undir bréfið. Heimilisfólk í Seljatungu varð vart við komu þeirra feðga, en vissi eigi til, að hann hefði þá skrifað undir neitt skjal fyrir þá og taldi það ólíklegt, af því að áliðið hefði verið

dags og dimt í hlöðunni, enda hefði Jón sagt, að erindi þeirra feðga til sín hefði verið alt annað. Við rannsóknina hefir það þó sannast, að Jón Erlindsson hafi kannast við, að hafa skrifað undir ábyrgðarskjal fyrir Jón Magnússon viðvikjandi húsinu nr. 37 í Bergstaðastræti og talið sig skuldbundinn samkvæmt því, og verður að ætla, að þetta hafi verið skulda-bréf það, sem stefnandi skrifaði og Björn Gíslason síðar lét vélrita; hefir bréf þetta eigi komið fram við réttarrannsóknina, en virðist hafa glatast úr vörzlu Björns Gíslasonar. En sá, sem vélritið gerði, hefir borið það sem vitni, að það hafi verið alveg samhljóða hinu skrifaða bréfi.

Það sést nú að vísu, eins og að framan er sýnt, af réttarprófunum, að stefnandi hefir átt mikinn þátt í að útbúa frammanefnd skjöl; hann skrifaði fyrra bréfið og virðist hafa farið tvær ferðir frá Reykjavík til Gaulverjabæjar vegna bréfanna; hann gekst fyrir að fá undirskriftir ábyrgðarmannanna Gunnars Sigurðssonar og Snorra Sveinbjarnarsonar, er fenginn var til viðbótar sem ábyrgðarmaður á síðara bréfið, og loksins fekk hann hlutaðeigandi hreppstjóra til að rita rangt vottorð á síðara bréfið. En stefnandi heldur því þó fram, — og annað er ekki sannað — að hann hafi eigi átt neinna eiginhagsmuna að gæta, þar sem skuldabréf þetta var, en að hann hafi að eins sem aðstoðarmaður og erindsreki Jóns Magnússonar haft afskifti af því. Aðrar undirskriftir á hinu vélritaða skjali eru eigi vefngdar heldur en Jóns Erlindssonar, en um hana verður ekkert fullyrt, hvort hún sé rituð af honum sjálfum



æða öðrum í heimildarleysi, með því að líking rit-  
handarinnar, sem Jón Erlindsson hefir kannast við og  
hinir ritfróðu menn vottað, verður ekki talin einhlít  
í þessu efni. En hins vegar er synjun Jóns fyrir  
nafnið, sem óvíst er að hann hefði séð sér fært að  
standa við, ef til eiðs hefði komið, engin sönnun  
þess, að nafnið sé falsað.

Með því nú að alls engin vissa er fengin um  
það, að undirskrift Jóns Erlindssonar undir hið vél-  
ritaða skuldabréf sé fölsuð og með því eigi er heim-  
ild til að álykta af afskiftum stefnanda af bréfi þessu  
æða neinu öðru, sem fram er komið við rannsóknina,  
að hann hafi verið viðriðinn slíka fölsun, ef hún  
hefir verið framin, þá virðist eftir málavöxtum mega  
álíta, að hann sé saklaus af glæp þeim, er hann var  
settur í gæzluvarðhald fyrir, og með því hann hefir  
eigi sjálfur verið þess valdandi með framferði sínu,  
telst hann eiga rétt til skaðabóta samkvæmt fyr-  
greindum lögum, fyrir þjáningu, smán og fjártjón,  
er hann hefir beðið af því, að vera sviftur frelsi  
sínu, og þykir eftir atvikum hæflegt, að meta skaða-  
bæturnar 300 kr., er greiðist úr landssjóði.

Stefnandi hefir sjálfur sótt málið fyrir yfirdóm-  
inum og þykir stefndi eftir atvikum eiga að greiða  
honum málskostnað, er ákveðst 40 kr.

Í sóknarskjölum sínum hefir stefnandi brotið  
mjög gegn því velsæmi í rithætti, er sýna ber fyrir  
rétti; hefir hann viðhaft margvísleg brigsli og óvirð-  
ingarorð um ýmsa af þeim, sem komið hafa við  
þetta mál, svo sem um rannsóknardómarann, stjórn-  
arráðið, verjanda stefnda, Odd Gíslason yfirréttar-

málaflutningsmann, Jón Erlindsson, Sigurð Þórarinsson o. fl. Ummæli hans eru meðal annars um *rannsóknardómarann*: að hann hafi lagt vitnum orð í munn, eða hagað spurningum sínum þannig, að sem næst kæmist því takmarki, sem sýnilega var stefnt að, að stefnandi yrði álitinn sekur, hvort sem um sekt eða sakleysi væri að ræða, — »hann líka er eins og geltinn deli, sem hleypur þegar húsbóndinn sigar honum«. »Þó Oddur skipi drengnum« (þ. e. dómara­num); *Um stjórnarráðið*: að stjórnarráðið hafi neitað stefnanda um að fá að sjá eftirrit af kæru gegn stefnanda, af því að því hafi verið kunnugt um að kæran væri fölsuð, — »að óhætt er að kalla neitun þeirra, sem um þetta mál áttu að fjalla, en neituðu að taka kærana til greina, hreina og beina hilmingu«, »einmitt það, stjórnarráðið sjálft, hefir hilnað yfir bersýnilega glæpi«; *um Odd Gíslason*: »Eftir þessari reyns­lu minni um innræti mannsins er það fátt, sem eg gæti ekki um hann trúað«, — »eg hef . . . ástæðu til að ætla, að kæran, sem kom sakamáls­rannsókninni af stað, sje fölsk og væri það í sam­ræmi við aðrar gjörðir . . . Odds yfirréttarmála­flutningsmanns Gíslasonar;« — »Vörn Odds Gíslasonar er samtvinningur af vitleysum, rangfærslum og svivirðingum í minn garð« — »Það þarf meiri ósvifni og siðferðis­spillingu en eg hugsaði að nokkur maður ætti til. — Hitt kæmi mjer á óvart, ef rjetturinn tæki staðlausar álygar hans góðar og gildar« — »Þetta ósannindapvaður og álygar þeirra fjelaganna Odds og Sigurðar« — »Sýnir þetta hvert ómen­ni Oddur er í þessu máli« — »vís­vitandi ósannindi fer hann



með« — »venjuleg ósanníndi Odds« — »Eg verð að biðja Odd að færa einhver rök fyrir fleypri sínu« . . . . eða standa sem opinber ósannindamaður« — »að sitja á skrifstofu sinni og sjóða saman þrælmensku- legar sakargiftir á saklausa menn, þar sem uppistaðan er heimska og illgirnir tældra fáfræðinga og ívafið eigin mannvonzku« — »Oddur garmurinn« — »að því kemur að hann vaknar af svefngöngu svikanna« »verða þess valdandi með upplyga áburði sínum« — »ein af hans alkunnu ótjerlegu ósannindum« — »ýlfr- ið í honum eintómt garnagaul« — »Er það nú for- sjónin, sem hefir gert heila mannsins svo úr garði, að hann rúmar enga heilbrigða hugsun, eða heimskar hann sig svona sjálfur« — Enn sýni hann nú að hann hafi mannsblóð enn ekki merarhjarta«. Um *Sigurð Þórarínsson*: »óráðvandur til munns og handa«. Um *Jón Erlindsson*: »alpektur að prakkaraskap og óráð- vendni«, »ætli þessi logna skýrsla Jóns fyrir réttin- um sje ekki dágóð sönnun þess, að hann ljét sjer ekki alt fyrir brjósti brenna;« Um *yfirdóminn*: »Skal eg leyfa mjer að kryfja nokkuð til mergjar þann ósóma, er hann telur sjer sama að bera á borð fyrir yfirrjettinn, hvort sem nú ætla má að hann eftir 18 ára reynslu þykist þekkja að hann sje ekki matvandur á það góðgæti, þegar umkomulaus og efnalaus á í höggi við auðs- og vald-hafa þessa lands«.

Fyrir þennan ósæmilega og hneyxlanlega rithátt, verður stefnandi að sæta sekt, er ákveðst 50 kr. og renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur. Svo ber og eftir kröfu stefnda, að dæma hin tilgreindu ummæli dauð og ómerk.

## Því dæmist rjett vera:

Stefnanda Erasmusi Gíslasyni greiðist úr lands-  
sjóði 300 kr. í skaðabætur og 40 kr. í máls-  
kostnað.

Stefnandi greiði 50 kr. sekt, helminginn í lands-  
sjóð og helminginn í bæjarsjóð Reykjavíkur og  
lúkist sektin áður en liðnar sjeu 8 vikur frá lög-  
legri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. ágúst 1917.

44/1917:

Einar Ágúst Einarsson  
gegn  
Guðmundi Sigurðssyni.

## D ó m u r :

Með kaupsamningi dags. 10. jan. 1916, og afsals-  
brjefi útgefnu 30. s. m., seldi Guðmundur bóndi Mag-  
nússon áfrýjanda Einari Ágúst Einarssyni jörðina  
Elliðakot í Mosfellssveit, 20,9 hndr. að dýrleika, með  
öllum húsum, mannvirkjum, gögnum og gæðum og  
með nákvæmlega tilgreindum landamerkjum. En er  
áfrýjandi fór að notfæra sjer hina keyptu eign sína,  
kom það á daginn, að áðurnefndur Guðmundur Mag-  
nússon hafði áður, hinn 14. marz 1911, gjört kaup-  
samning við stefnda, Guðmund bónda Sigurðsson og  
selt honum landsspildu nokkra, Miðmundamýri ásamt